

FUNDARGERÐ

242. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 11. júní 2025, kl. 13:30 í gegn um Teams

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Stefán Haukur Grímsson
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Þórey Agnarsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
3. Auto ehf.
4. Umgengni á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi
5. Loftgæðamælar á Akureyri
6. Árreikningur HNE 2024
7. Umsagnir
8. Útgefin starfsleyfi
9. Starfsleyfistillaga til kynningar á heimasíðu HNE
10. Staðfestar skráningar
11. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 241. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 9. apríl sl. Þá var sem fyrr rætt um umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri og á Setbergi á Svalbarðsströnd. Einnig var rætt um umgengni á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi og gerði nefndin þá kröfu að svæðið yrði hreinsað fyrir 1. júní sl. Einnig var gerð krafa um tiltekt á athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi og að fyrir 1. nóvember nk. verði búið að fjarlægja gáma, vinnubúðaeiningar og flutningabíla með vörukössum af svæðinu.

2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Bílum innan lóðamarka hefur fækkað lítillega að undanfögnu. Þrátt fyrir það er enn töluvert í að umgengni á lóðinni verði ásættanleg að mati heilbrigðisnefndar. Dagsektir hafa ekki verið greiddar en eru í innheimtu. Fjárnám hefur verið gert í eigninni og nauðungarsala hefur verið auglýst.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur frá hausti 2023 haft til meðferðar mál er varðar ófullnægjandi ástand og umgengni á lóðinni að Hamragerði 15 á Akureyri. Málið hefur verið tekið fyrir ítrekað og hefur öllum lögboðnum málsmeðferðarreglum verið fylgt. Krafa nefndarinnar um tiltekt á lóðinni hefur frá upphafi verið skýr og er meðal annars rökstudd með tilvísun í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um umgengni og þrífnað á starfssvæði nefndarinnar.

Heilbrigðisnefnd harmar þá stöðu sem málið er komið í. Auðveldlega hefði mátt komast hjá löngu, svífaseinu og kostnaðarsömu innheimtuferli með því að bregðast við réttmætum og rökstuddum kröfum um tiltekt á lóðinni. Nefndin ítrekar að dagsektum verður áfram beitt þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

3. Auto ehf.

Engar úrbætur hafa verið gerðar á athafnasvæði Auto ehf. að Setbergi á Svalbarðsströnd, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur þar um frá heilbrigðisnefnd. Álagðar dagsektir hafa ekki innheimst og er innheimta hluta þeirra komin í lögfræðilegt ferli. Þá eru númeralausir bílar á vegum fyrirtækisins enn áberandi innan bæjarmarka Akureyrar og berast reglulega kvartanir vegna þeirra.

Heilbrigðisnefnd harmar aðgerðarleysi Auto ehf. varðandi kröfur um úrbætur á athafnasvæði fyrirtækisins að Setbergi. Nefndin áréttar að dagsektum verður beitt þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar. Þá telur nefndin það ámælisvert hvernig fyrirtækið og forsvarsmenn þess ganga um almennings- og einkalóðir á Akureyri með því að staðsetja þar númeralausar bifreiðar, og sýna þannig íbúum og öðrum hagsmunaaðilum óvirðingu.

4. Umgengni á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi

Á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi eru um fjörutíu bifreiðar, flestar í mjög slæmu ástandi. Á 241. fundi heilbrigðisnefndar þann 9. apríl sl. var bent á þá augljósu slysa- og mengunarhættu sem stafar af bifreiðunum, auk þess sem þær væru mikið lýti á umhverfinu. Þar var gerð krafa um að svæðið yrði hreinsað fyrir 1. júní sl.

Akureyrarbær hefur ekki brugðist við kröfunni. Vekur það furðu nefndarinnar, sérstaklega í ljósi þess að bæjarráð Akureyrar bókaði þann 30. apríl sl. „Bæjarráð leggur þunga áherslu á að farið verði í að fjarlægja bifreiðar af lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi og að því verði lokið sem allra fyrst samanber bókun Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra“.

Heilbrigðisnefnd ítrekar kröfu sína um að lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi verði hreinsuð án frekari tafa. Nefndin samþykkir að veita Akureyrarbæ lokafrest til 25. júní nk. til að hreinsa lóðina. Verði ekki brugðist við innan þess frests mun heilbrigðisnefnd íhuga að beita þvingunarúrræðum, áminningu og dagsektum á grundvelli XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

5. Loftgæðamælar á Akureyri

Upplýsingar úr 6 loftgæðamælum Akureyrarbæjar hafa nú verið gerðar aðgengilegar á loftgæðavef Umhverfis- og orkustofnunnar.

Heilbrigðisnefnd fagnar þessum áfanga.

6. Ársreikningur HNE 2024

Endurskoðaður ársreikningur HNE vegna ársins 2024 var lagður fram

Heilbrigðisnefnd samþykkir ársreikninginn og verður hann undirritaður með rafrænum hætti

7. Umsagnir

1. Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi við Leifsstaði II í Eyjafjarðarsveit.
2. Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar, hótél og orlofshús við Leifsstaði II.
3. Umsögn um tillögu að deiliskipulagi við Odda (áður Espigerði) í Eyjafjarðarsveit.
4. Umsögn um rammahluta aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps, vegna þróunar byggðar í Vaðlaheiði.
5. Umsögn um rammahluta aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar, vegna þróunar byggðar í Vaðlaheiði.
6. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar. Íbúðarsvæði sunnan Dalvíkur.
7. Umsögn um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi vegna íbúðarbyggðar á suðursvæði Dalvíkur.
8. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar. Stækkun íbúðarsvæðis á Árskógsandi
9. Umsögn um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi vegna íbúðarbyggðar á Árskógsandi

8. Útgefin starfsleyfi

1. Anna Sigríður Pétursdóttir, kt. 140757-4899 – Brúnalaug, 605 Akureyri – Sala á gistingu án veitingasölu
2. Dísu Café ehf., kt. 540425-0940 – Vallholtsvegur 3, 640 Húsavík – Kaffihús (***samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt***)
3. Menningarfélag Akureyrar, kt. 431014-0330 – Strandgata 12, 600 Akureyri – Menningarhúsið Hof
4. Darina Georgieva ehf., kt. 530325-0590 – Laufásgata, 600 Akureyri – Matsöluvagn
5. Eila Gimenez, kt. 281195-4689 – Geislagata 14, 600 Akureyri – Förfun, augnháralengingar og brúnkusprautun
6. Steina Sig ehf., kt. 600618-0320 – Lóð nr. 20 Geldingsá, 606 Akureyri – Sala á gistingu án veitingasölu
7. Akureyri Whale Watching ehf. kt. 560518-0560 – Oddeyrarbót 2, 600 Akureyri – Kaffihús
8. N1 ehf., kt. 411003-3370 – Laugar, Reykjadal, 650 Laugar – Veitingastaður og verslun
9. Olfong Spirits SIA, kt. 690724-9950 – Kaldbaksgata, 600 Akureyri – Lagerhúsnæði fyrir matvæli

10. Klakkur gisting ehf., kt. 420921-1790 – Syðra-Brekkukoti, 604 Akureyri – Sala á gistingu án veitingasölu
11. Beef Jerky ehf., kt. 460325-1290 – Laufásgata, 600 Akureyri – Matsöluvagn (**samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**)
12. Goran Zelenika, kt. 170589-4839 – ANGO ehf., Akureyri – Matsöluvagn
13. Souvlaki Lab ehf., kt. 420525-1090 – Spítalavegur 1, 600 Akureyri – Matsöluvagn (**samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**)
14. Mýrr ehf., kt. 520210-0240 – Laugar í Reykjadal, 650 Laugar – Tjaldstæði
15. Jóhann Jóhannesson, kt. 271090-2349 – Stóra-Hamri 1, 605 Akureyri – Hundahótel
16. Draumblá ehf., kt. 500216-1660 – Svarfaðarbraut, 620 Dalvík – Tjaldsvæði
17. Adesso ehf., kt. 500102-3060 – Glerártorg, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri – Kaffihús
18. EN fasteignir ehf., kt. 591124-1020 – Engimýri III, 604 Akureyri – Sala á gistingu með veitingasölu
19. Strompur ehf., kt. 640820-1520 – Þórsmörk 3, 606 Akureyri – Hjólhýsastæði
20. Anna Birta Þórðardóttir, kt. 060602-3440 – Ásgata 19, 675 Raufarhöfn – Hárgreiðslustofa (**samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**)
21. Benedikt Steinar Sveinsson, kt. 120165-5269 – Ártún, 616 Grenivík – Sala á gistingu og veitingum
22. Six Rivers Iceland ehf., kt. 630269-6529 – Kverkártunga, 675 Bakkafjörður – Sala á veitingum og gistingu í veiðihúsi (**samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**)
23. Lækjarlundur ehf., kt. 590724-2620 – Neðri-Rauðilækur, 604 Akureyri – Sala á gistingu án veitingasölu (**samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**)
24. Kansas ehf., kt. 501002-2320 – Austursíða 2b (2J), 603 Akureyri – Veitingastaður (**samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**)
25. Sjóró ehf., kt. 500924-1440 – Gleráreyrar 1, 600 Akureyri – Veitingastaður í Iðunn mathöll (eigendaskipti)
26. Slippurinn Akureyri ehf., kt. 511005-0940 – Naustatanga 2, 600 Akureyri – Tímabundið starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir
27. Úr Héraði ehf., kt. 190270-5999 / 500822-1550 – Veitingavagn
28. Hotel Vatnsholt ehf., kt. 63049-32349 – Norðurgata 43, 600 Akureyri – Sala á gistingu án veitingasölu

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

9. Starfsleyfistillaga til kynningar á heimasíðu HNE

1. Olís ehf. kt. 500269-3249 – Kjarnagata 2, 600 Akureyri – sjálfsafgreiðsla á eldsneyti

Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsleyfið verði gefið út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillöguna gefi tilefni til annars.

10. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. SKG verktakar ehf kt. 591199-2429, Gránufélagsgata 45, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja
2. Samherji Ísland ehf. kt. 440400-4340, Fiskitangi 4, 600 Akureyri, Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
3. nthspace á Íslandi ehf. kt. 430424-0920, Sigtún, 611 Grímsey, niðurrif mannvirkja
4. Búsaga, búnaðarsögusafn Eyjafjarðar kt. 470711-0940, niðurrif asbets af hlöðu að Hrauni í Öxnadal
5. Guðrún Björg Eyjólfsdóttir. kt. 150877-3779, Hamarsstígur 38 Akureyri, framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum
6. Tesla Motors Iceland ehf. kt. 620219-1260, Baldursnes 5, 600 Akureyri, bifreiða- og vélaverkstæði
7. Hafsteinn Bragi Pálsson kt. 080239-2039, Miðkoti, 620 Dalvík, niðurrif mannvirkja
8. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, Sjávarbraut 1, 620 Dalvík, niðurrif mannvirkja
9. Friðrik Rúnar Friðriksson kt. 220197-2719, Höfða 20, 640 Húsavík, bón- og bílaþvottastöð

11. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður 17. September nk.

Fundi slitið kl. 14:04

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir